



Fundargerð.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundaði fimmtudaginn 12. febrúar 2015.

Fundur hefst kl. 13⁰⁰ í Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri.

Þetta er 380. fundur sveitarstjórnar, 2. fundur ársins 2015.

Fundargerð er tölvuskráð af sveitarstjóra og er 4 blaðsíður.

Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk oddviti, býður fundarmenn velkomna.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn ásamt Eygló Kristjánsdóttur, sveitarstjóra.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir boðaði forföll, í hennar stað mætir Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður Z-lista.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta fundi.

Eygló greinir frá að gengið verði frá ráðningu í starf verkefnastjóra vegna samstarfsverkefnis Byggðastofnunar, SASS og Skaftárhrepps „Skaftárhreppur til framtíðar“ líklega á allra næstu dögum. Umsóknir um starfið voru 29, einn dró umsókn sína til baka og 6 voru boðaðir til viðtals.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Styrkumsókn vegna ferðar kórs Menntaskólans að Laugarvatni til Danmerkur, erindi frá fjáröflunarnefnd kórs ML, dags. 3. febrúar 2015.
Sveitarstjórn samþykkir að styrkja kórinn um 20.000 kr til ferðarinnar.
2. Erindi frá Önnu Gyðu Gunnlaugsdóttur, hjúkrunarforstjóra, dags. 29. janúar 2015, varðandi íbúðarhúsnæði og viðhald á húsnæði Klausturhóla.
Sveitarstjórn þakkar erindið og mun vinna málið áfram í samvinnu við rekstrarnefnd og skipulags- og byggingafulltrúa.
3. Slit á ráðningarsamningi sveitarstjóra.
Fyrir liggur samningur um starfslok sveitarstjóra undirritaður af oddvita, Evu Björk og Eygló. Samningurinn tilgreinir að Eygló mun gegna embætti sveitarstjóra út febrúarmánuð en ljúka þá störfum. Ástæður starfsloka eru trúnaðarrestur milli meirihluta sveitarstjórnar og sveitarstjóra.

Fulltrúar Ó-lista óska eftir að bóka eftirfarandi:

Samkvæmt fundargerð sveitarstjórnar Skaftárhrepps þann 25.júní 2014 bókaði sveitarstjórn yfirlýsingu um samstarfssamning allra lista, þ.e. Ó- lista, D- lista og Z- lista.

Samstarfssamningur sem gerði ráð fyrir því að sveitarstjórn inni í sameiningu að málefnum sveitarfélagsins á kjörtímabilinu 2014-2018. Samstarfssamningur sem í öllum



Skaftárhreppur

grundvallaratriðum byggði á því að aðilar treystu og gætu borið traust til hvers annars en það er algjör forsenda þess að samstarfið gangi.

Sú ákvörðun fulltrúa D- lista og Z- lista, sem tekin var án nokkurs samráðs eða samtals við fulltrúa Ó-lista og verður nú til þess að sveitarstjóra er nauðugur einn kostur, að láta af störfum hjá sveitarfélaginu, teljum við vera svo alvarlegt brot á trúnaði og trausti innan sveitarstjórnar að við getum ekki við unað. Því lítum við svo á að samstarfssamningur sem gerður var á milli listanna sl. vor sé þar með að engu orðinn. Við lýsum því hér með yfir að við séum óbundin af þeim samstarfssamningi. Við hörmum þessa niðurstöðu, því ekkert er okkar samfélagi eins dýrmætt og samstaða og samvinna okkar allra.

Fyrir hönd Ó- listans viljum við þakka Eygló Kristjánsdóttur fráfarandi sveitarstjóra farsælt samstarf undanfarinna ára og óskum henni og hennar fjölskyldu velfarnaðar í framtíðinni.

Sveitarstjórn staðfestir samninginn með þremur atkvæðum (EBH, BVG, JBJ), tvö atkvæði á móti (GII, JG).

D- listi óskar bókunar:

D- og Z- listar harma þá afstöðu sem Ó- listi hefur tekið í þessu máli og fært umræðuna frá þeim góðu málum sem við höfum unnað að í sameiningu. Við vonum að hægt verði að ná á ný góðri samstöðu um málefni Skaftárhrepps.

D- og Z- listar hafa engin áform um að breyta skipan í ráð og nefndir utan þær sem sveitarstjóri situr í. Það er ósk D- og Zö lista að kjörnir fulltrúar muni sinna því hlutverki sem þeir hafi tekið að sér fyrir sitt sveitarfélag.

D- og Z- listar bera áfram fullt traust til Ó- listans og þess fólks sem þar starfar.

Trúnaðarrestur við sveitarstjóra hefur ekki áhrif þar á.

D- og Z- listar mynda sameiginlega meirihluta.

D- og Z- listar koma ekki til með að taka þátt í persónulegri fyrirtöku á fólki í sveitarfélaginu.

F.h. D- og Z- lista viljum við þakka sveitarstjóra fyrir störf hennar í þágu Skaftárhrepps undanfarin 5 ár og óskum henni alls hins besta í framtíðinni.

Eygló óskar eftir að bóka eftirfarandi:

Ég vil þakka ykkur öllum fyrir lærdómsríkan og góðan tíma undanfarin fjögur og hálf ár. Í sveitarstjórn er mjög mikilvægt að þeir sem í það veljast geti starfað saman, því miður í þessu tilfalli, gekk það ekki upp. Ég geng stolt frá, stolt af okkar störfum og stolt af öllu því sem við höfum áorkað. Þetta hefur verið mjög gefandi fyrir mig, ekki alltaf auðvelt en yfirleitt alveg ofboðslega skemmtilegt.

Vil ég biðja ykkur öll að virða skoðanir hvers annars og láta ekki þessa niðurstöðu gera það að verkum að svo djúp sár myndist innan samfélagsins að ekki grói aftur um heilt. Þetta er erfitt og sárt en lífið heldur áfram og nýir dagar koma með ný verkefni og nýjar áskoranir. Hjartans þakkir fyrir mig.



II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 108. fundur skipulagsnefndar, 10. febrúar 2015.

Skipulagsmál.

1. Eldhraun – óveruleg breyting á deiliskipulagi

Nefndin mælist til þess að tillaga að breytingum á deiliskipulagi áningarstaðar í Eldhrauni fái meðferð í samr. við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

2. Umsögn vegna Landsskipulagsstefnu.

Skipulagsnefnd samþykkir að sveitarfélögin Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Skaftárhreppur sendi inn sameiginlega umsögn. Starfshópur sveitarfélaganna um svæðisskipulag hefur nú þegar unnið drög að umsögn um tillöguna. Skipulagsnefnd samþykkir þau drög.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

3. Svæðisskipulag Suðrhálendis.

Er því vísað til sveitarstjórnar að skipa tvo fulltrúa frá sveitarfélaginu og tvo til vara við sameiginlega svæðisskipulagsnefnd Skaftárhrepps, Rangárþings eystra og Rangárþings ytra í samræmi við 9. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúi skipulags- og byggingamála verði ekki einn af skipuðum fulltrúum heldur sitji í nefndinni sem starfsmaður sveitarfélagsins.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Skipan fulltrúa í nefndina er frestað til næsta fundar.

4. Aðalskipulag Skaftárhrepps – breyting.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

5. Stofnun lóðar Holt/Herjólfsstaðir

Jóhannes viku af fundi vegna vanhæfis.

Stofnun lóðarinnar samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Jóhannes kemur aftur til fundar.

Byggingarmál.

liður 6 – 9.

Fundargerðin samþykkt.



III. Fundargerðir til kynningar.

1. 10. fundur stjórnar þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi, 27. janúar 2015 – *fundargerðin kynnt.*
2. 13. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu bs., 3. febrúar 2015 – *fundargerðin kynnt.*
3. 21. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu 10. desember 2014 – *fundargerðin kynnt.*
4. 22. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu 19. janúar 2015 – *fundargerðin kynnt.*
5. 161. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 12. desember 2014 – *fundargerðin kynnt.*
6. 489. fundur stjórnar SASS, 16. janúar 2015 – *fundargerðin kynnt.*
7. Fundargerð aukafundar/hluthafafundar Vottunarstofunnar Túns ehf, 15. janúar 2015 – *fundargerðin kynnt.*

IV. Annað kynningarefni.

8. Skaftárhreppur í fjölmiðlum árið 2014, skýrsla Fjölmiðlavaktarinnar – skýrslan og innihald hennar er eingöngu til innanhússnota hjá því fyrirtæki sem hana keypti.
9. Yfirlitsskýrsla um starf Félagsþjónustudeildar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu bs., janúar 2015.
10. Minnisblað Aðalsteins Þorsteinssonar, forstjóra Byggðastofnunar, til umhverfisráðherra um verkefnið „Skaftárhreppur til framtíðar“.

V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl. 14:10.

Næsti fundur boðaður með dagskrá föstudaginn 13. mars 2015 kl. 13:00.

Eva Björk Harðardóttir.

Jóhannes Gissurarson.

Guðmundur Ingi Ingason.

Bjarki V. Guðnason.

Jóna Björk Jónsdóttir.